

Alþingi  
Fjárlaganefnd  
sent rafrænt á nefndasvid@althingi.is

Ísafirði 24. apríl 2023

*Umsögn, þingsályktun um fjármálaáætlun fyrir árin 2024-2028, mál 894, 152. löggjafarþing.*

Umsögn þessi er unnin af Vestfjarðastofu fyrir Fjórðungssamband Vestfirðinga

67. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti, haldið í byrjun september 2022, afgreiddi ýtarlega ályktun *Aflstöðin Vestfirðir*. Áherslur ályktunarinnar og greinargerð koma inn flest þau svið sem fjármálaáætlun 2024-2028 tekur til umfjöllunar. Fjórðungsþingið samþykkti einnig ályktanir er varða málefni fatlaðs fólks, skipulagsmál, skiptingu tekna ríkis og sveitarfélaga o.fl.

Hér vísast til þessara ályktana í viðauka og beint til fjárlaganefndar að taka þær til umfjöllunar um fjármálaáætlun. Eins er hér vísað til endurskoðaðar Sóknaráætlunar Vestfjarða 2022-2024, en nú á miðju tímabili áætlunarinnar voru áherslur málaflokka áætlunarinnar endurskoðaðar. Framtíðarsýn og markmið áætlunarinnar vísa hinsvegar allt til ársins 2030 og koma því inn á tímabil fjármálaáætlunar.

Fjármálaáætlun 2024-2024 boðar aðhald í þjónustu og frestun framkvæmda en einnig aukna tekjuöflun ríkissjóðs með aukinni gjaldtöku á frumframleiðslu greinum þ.e. sjávarútvegs, ferðaþjónustu og fiskeldi. Hér verður að vera á varðbergi fyrir landshluta sem Vestfirði, sem að grunni til byggir á frumframleiðslu, en býr jafnframt við háa innviðaskuld síðustu áratuga og skuldsetta sveitarsjóði, hafa ber hér í huga á áætlunartíma fjármálaáætlunar.

- Viðvarandi vöxtur er nú á hluta Vestfjarða m.a. hefur íbúum fjölgað, þó hlutfallslega enn undir landsmeðaltali, atvinnutekjur eru hærri en meðaltal og atvinnuleysi er hverfandi. Þessi vöxtur er hinsvegar viðkvæmur því jafnhliða þarf að mæta verkefnum vegna þessara vaxtar og á sama tíma að takast á við afleiðingar fortíðarvanda af langvarandi niðursveiflu efnahags og samfélaga, skortur á húsnæði hér einna brýnasta verkefnið.
- Áætlanir stjórnvalda í byggðamálum og innviðamálum leggja áherslu á eflingu byggðar um land allt. Í greiningu sviðsmynda fyrir Vestfirði til ársins 2030 eru drifkraftar fyrir þróun svæðisins, annarsvegar sé þetta *þekkingarstig* og hinsvegar *viðhorf og athafnir stjórnvalda*. Forða verður að viðhorf og athafnir sem settar eru fram í Fjármálastefna 2024-2028 taki ekki tillit til líklegra neikvæðra mögnunaráhrifa stefnunnar á hagkerfi Vestfjarða. Að saman fari skerðing tekna vegna aukinnar gjaldtöku og frestun brýnna innviðaframkvæmda. Fjármálastefna gangi því gegn markmiðum stjórnvalda í áætlunum sem ætlað er að stuðla að eflingu landshlutans og sviðsmyndin *Vestfirðir í sókn* nái ekki fram, heldur sviðsmynd *Aftur til fortíðar* (sjá nánar lýsingu sviðmynda í ályktuninni *Aflstöðin Vestfirðir*).

Að þessu sögðu má almennt segja að sú langtímastefna sem sett er fram s.s. varðandi innviði og samfélag á Vestfjörðum, séð jákvæð fyrir landshlutann. Framangreindar áhyggjur beinast að útfærslu stefnunnar við að gerð fjárlaga hverju sinni og nokkrum veigamiklum atriðum, sem nú

verður vikið að. Að auki er vísað til framangreindra ályktana 67. Fjórðungspings Vestfirðinga um áherslur og greiningu á stöðu og framþróun atvinnulífs og samfélaga á Vestfirðum.

#### *Aukin gjaldtaka.*

Boðuð er hækkun fiskeldisgjalds á efsta verðflokk úr 3,5% í 5%, tillaga sama efnis var í „bandormi“ fjárlaga 2023 en var frestað við afgreiðslu Alþingis á meðan beðið væri nýrra gagna þ.m.t. skýrsla Ríkisendurskoðunar um framkvæmd laga um fiskeldi og skýrsla Boston Consulting Group um lagareldi.

Settur er fyrirvari á þessa tillögu fjármálaáætlunar um hækkun fiskeldisgjalds. Benda verður á að umfjöllun um gjaldtöku fiskeldis og sjávarútvegs eru í ákveðnu samhengi og ekki er stefnt að niðurstaða þeirrar vinnu á vegum matvælaráðherra á ekki að ljúka fyrir síðla árs 2023 og með frumvarpi á árinu 2024. Framangreindar skýrslur eru liður í að nálgast niðurstöðu en ekki sem endanleg niðurstaða.

Hér er um að ræða framleiðslugjald óháð afkomu fyrirtækja og óháð hvar þau eru stödd með sína uppbyggingu (fjárfestingu) á eldi. Skoða verður í því samhengi áhrif framleiðslugjalds á fjárfestingargetu fyrirtækja í nýsköpun og þróun og almennri uppbyggingu í héraði. Eins að skoða form gjaldtöku fyrirtækja sem hafa rekstrarleyfi í dag og þeirra sem munu falla undir ákvæði um uppboð á fiskeldissvæðum.

Sé þessi hækkun fiskeldisgjalds staðfastur vilji stjórnvalda þarf þá að lágmarki að gera sértæka úttekt á áhrifum þessara tillögu, sem fylgir þá henni við gerð fjárlaga fyrir árið 2024. Að öðru leyti vísast til ályktana 67. Fjórðungspings Vestfirðinga um gjaldtöku í fiskeldi.

Stefnt síðan að breyttri gjaldtöku í samgöngumálum m.a. með sérstöku gjaldi á umferð í jarðgöngum. Hér þarf að mæta þeirri mismunum sem hlýst af því fyrir íbúa sem ekki eiga annan kost en aka jarðgöng vegna landfræðilegra aðstæðna, að greiða sérstakt gjald við afnot samgöngumannvirkja. Á meðan aðrir landmenn geta án gjaldtöku nýtt sér önnur samgöngumannvirki sem greiða fyrir umferð s.s. mislæg gatnamót.

#### *Fjármál sveitarfélaga*

Fjármál sveitarfélaga eru nú mjög í umræðunni og vísast til umfjöllunar Sambands íslenskra sveitarfélaga og umsagna einstakra sveitarfélaga í tengslum við fjármálaáætlun. Staðan hefur í raun versnað, frá því sú greining sem sett er fram í ályktun 67. Fjórðungspings og í ályktun þingsins um málefni fatlaðs fólks.

Væntingar um að tekjustofnanefnd skilaði ákveðinni niðurstöðu brugðust fyrir á þessu ári, samtalið heldur þó áfram og gera verður kröfu um að leiða mál til niðurstöðu og tryggja sveitarfélögum þær tekjur sem rekstur málaflokka kallar á.

### *Jöfnunarsjóður*

Starfshópur um málefni Jöfnunarsjóðs skilaði tillögum fyrr á þessu ári og hafa sveitarfélög brugðist við þeim með umsögnum í Samráðsgátt og vísast til þeirra. Hinsvegar verður að vekja athygli á að framlög til allra sveitarfélaga á Vestfjörðum lækka í heildina um 83 mkr og framlög til sveitarfélaga á Ströndum lækka um rúmar 100 mkr. Í tillögum kemur fram að eftir er að útfæra framkvæmd á úthlutun sérstaks byggðaframlags til sveitarfélaga. Fjárhæð sem áætluð er fyrsta árið eftir breytingar um 200 mkr og hækki síðan. Því er beint til fjárlaganefndar skoða útfærslu á þessu sértæka framlagi og þeirri vinnu verði hraðað til að fá sýn á áhrif breytinga úthlutunarreglna á viðkvæmustu samfélögin.

### *Samgöngumál*

Umfjöllun fjármálaáætlunar um samgöngumál er heilt yfir ásættanleg. Sagt með þeim fyrirvara að fjármögnun framkvæmda sem eru á samgönguáætlun 2020-2024 sé tryggð og þeim verði lokið. Rammi fjármögnunar Samgönguáætlunar 2020-2033, fyrir áætlunartímabil 2025-2028 er hinsvegar í óvissu, á Vestfjörðum eru það framkvæmdir við stofnvegi Bíldudalsveggar, Strandavegar og Innstrandavegar.

Málefni Breiðafjarðarferju eru ekki til umfjöllunar í fjármálaáætlun en samgönguyfirvöld hafa boðað byggingu nýrrar ferju á gildistíma fjármálaáætlunar, gerð er krafa um að fjallað verði um þetta atriði við afgreiðslu fjármálaáætlunar.

Staða innanlandsflugs er einnig ekki tiltekin í fjármálaáætlun, en sá málaflokkur fór mjög illa út úr efnahagshruni 2008 og sérstaklega viðhald flugvalla sem ekki eru tengdir millilandaflugi. Framþróun í flugleiðsögu hefur einnig setið á hakanum, en tækifæri eru að bæta mjög úr með gervihnattaflugleiðsögn. Innanlandsflug er lykilþáttur í samgöngum til og frá Vestfjörðum og boðuð orkuskipti í innanlandflugi hafa margþætt tækifæri að efla þennan samgöngumáta en þá þurfa flugvellir og flugleiðsögn að vera í lagi.

Jarðgangaáætlun sem boðuð hefur verið er ekki tilbúin en í fjármálaáætlun eru tilgreindir 14 jarðgangakostir sem áætlað er að fari í framkvæmd á næstu 30 árum. Í stefnumörkun sveitarfélaga á Vestfjörðum, Jarðgangaáætlun Vestfjarða sem lögð var fram í janúar 2022, var sett að markmiði að koma á hindrunarlausum samgöngum á innan atvinnusvæðanna á norðan og sunnanverðum Vestfjörðum.

- Jarðgöng milli í Súðavík og Ísafjarðar (Álftafjarðargöng).
- Jarðgöng undir Mikladal og Hálfán í einni framkvæmd.
- Hafin vinna að upp færslu jarðganga undir Breiðadalsheiði og Botnsheiði, með breikkun leggsins undir Breiðadalsheiði.

Gerð er krafa um að þessum jarðgangakostum verði forgangsraðað á aðra jarðgangakosti með vísan til rökstuðnings í samfélagsgreiningu KPMG sem vann fyrir Fjórðungssamband Vestfirðinga, síðla árs 2021.


### Tímabundin aukin þjónusta mótvægi við frestun innviðaf framkvæmda

Sem hér að framan greinir þá er í fjármálaáætlun gert ráð fyrir 30 ára áætlun um gerð jarðgangna. Þeir fjallvegir og ofanflóðahlíðar á Vestfjörðum sem jarðgöng munu leysa af hólmi voru byggðir til að þjóna samfélagsgerð og atvinnulífi eins það var fyrir 40 – 50 árum síðan. Gjörbreyttar aðstæður hafa nú skapast með vexti í fiskeldi og ferðaþjónustu og afstöðu íbúa til ferðalaga um fjallvegi og ofanflóðahlíðar, sem vegra sig við ferðir að vetri til. Viðhorfkannanir sem Vestfjarðastofa hefur látið framkvæmda á meðal íbúa á Vestfjörðum staðfesta þetta viðhorf og eru í samhljómi við umfjöllun í fjármálaáætlun um áhrif samgangna á jafnrétti.

Þessi staða ætti að setja jarðgöng á Vestfjörðum í forgang á önnur verkefni, en þó er ljóst að fleiri ár munu líða þar til úrbætur liggja fyrir. Í millitíðinni verður að mæta hinum nýju aðstæðum með aukinni þjónustu og viðhaldi á viðkomandi vegum og lengja þjónustutíma.

Vakin er athygli á að fjallvegir á Vestfjörðum eru með lægri snjólínu, meiri úrkomu og illviðrasamari en flestir aðrir fjallvegir sem þjóna atvinnusvæðum í landinu. Hér lokast fjallvegir fyrir eftir að þjónustu er hætt, en á öðrum atvinnusvæðum haldast vegir yfirleitt opnir mun lengur eftir að þjónustu líkur og veður sé skaplegt. Ofanflóðahætta með óvissustigi eða lokunum er síðan staðan með vegi sem liggja um slík svæði.

Hér er yfirlit um lokanir vega á Vestfjörðum 2018 - 2021, alls eru hér um **1.285 tilvik eða 430** tilvik á ári en ef horft er til fimm mánaða tímabils þá eru **86** tilvik í mánuði eða 3 á dag. Tilvikin eru fleiri því ekki voru skráð tilvik á Dynjandisheiði og Veiðileysuhálsi fyrir en 2020 og voru þeir eiginlega lokaðir í þrjá til fjóra mánuði.



Hér er yfirlit um eðli atvika hverju sinni og áhrif þessara tilvika á flæði umferðar innan atvinnusvæða og mynda flöskuhálsa innan sama sveitarfélags eða innan atvinnusvæða. Óveður og flughálka (gögn frá 2020 og 2021) einkenna tilvik á sunnanverðum Vestfjörðum<sup>1</sup>. Lokanir og óvissustig vegna ofanflóðahættu á Súðavíkurlíð og Flateyjarvegi einkenna norðanverða Vestfirði auk óveðurs á Gemlufallsheiði. Lokanir vegna óveðurs og stórhriðar á Steingrímsfjarðarheiði og Þröskuldum einkenna Strandir og Reykhólahrepp.

Í annan stað er hér yfirlit um þjónustutíma á fjallvegum á landinu þar sem þjónusta er alla daga (utan Fróðarheiðar en þar ekki þjónusta á laugardögum) og má einnig benda mun skertari þjónustutíma á Kletthálsi og Steingrímsfjarðarheiði miðað við aðra landshluta. Eins að hér er ekki mætt gjörbreyttum aðstæðum á atvinnusvæði á sunnanverðum Vestfjörðum og kallar á að sama þjónustutíma og veittur er á öðrum landssvæðum s.s. á norðanverðum Vestfjörðum og í Múlaþingi og Fjarðarbyggð.

Dálkur1	Dálkur2	Dálkur3	Dálkur4	Dálkur5	Dálkur6	Dálkur7	Dálkur8	Dálkur10	Dálkur11	Dálkur12	Dálkur13	Dálkur14	Dálkur15	Dálkur16
7,5	6	5	Sunnanverðir Vestfirðir			60	3	10	17,5	11,5	17,5	50	Klettháls	
8	5,5	7	Strandir - Inndjúp			61	3	11	19	12,5	18	125	Steingrímsfjarðarheiði	
9,5	7,5	4	Reykhólahreppur			60	3	8	17,5	9,5	17	75	Hjallaháls, Ódrjúgsháls	
10,5	8,5	3	Snæfellsnes			54	3	8	18,5	9,5	18	125	Fróðarheiði	
10,5	8	20	Múlaþing - Þingeyjarsýslur			1	3	9	19,5	10,5	18,5	175	S-Hárekstaðarleið	
10,5	8	18	Vopnafjörður			85	3	9	19,5	10,5	18,5	50	Vopnafjarðarheiði	
11,5	12,5	2	Dalir			60	3	8	19,5	8,5	21	350	Brattabrekka	
11,5	9,5	3	Snæfellsnes			56	3	8	19,5	9,5	19	375	Vatnaleið	
11,5	9,5	4	Reykhólar - Dalir			60	3	8	19,5	9,5	19	250	Svinadalur	
11,5	9,5	4	Strandir - Reykhólarhr			61	3	8	19,5	9,5	19	175	Þröskuldur	
11,5	8	13	Þingeyjarsýslur - Múlaþing			1	3	8	19,5	10,5	18,5	150	N-Hárekstaðarleið	
12	10,5	5	Sunnanverðir Vestfirðir			62	3	8	20	9,5	20	100	Kleifaheiði	
12	10	10	Skagafjörður			744	3	7,5	19,5	9	19	350	Þverárfjall	
12,5	11	5	Sunnanverðir Vestfirðir			63	3	7,5	20	9	20	275	Miklidalur / Hálfán (175 bílar)	
12,5	10,5	17	Þórshöfn-Raufarhöfn			85	3	7,5	20	9	19,5	50	Hófaskarð	
12,5	10,5	18	Þórshöfn-Vopnafjörður (Bakkafjö)			85	3	7,5	20	8,5	19	50	Sandvíkurheiði	
12,75	10,5	6	Norðanverðir Vestfirðir			60	3	7,25	20	9	19,5	150	Gemlufallsheiði	
13,5	12,5	2	Borgarfjörður			1	2	8	21,5	8,5	21	850	Holtavörðuheiði	
13,5	13	12	Eyjafjörður - Skagafjörður			1	2	8	21,5	8,5	21,5	800	Öxnadalshéiði	
15,5	14,5	20	Hérað - Seyðisfjörður			93	2	6,5	22	7	21,5	250	Fjarðarheiði	
15,5	14,5	21	Fjarðabyggð - Múlaþing			1	2	6,5	22	7	21,5	925	Fagridalur	
Opið	Opið	Vinnusóknar- svæði												
virka daga	helgar					Veg nr	þjónustutími	Opið frá	Opið til	Helgar opnun	Helgar lokun	Fjöldi bíla	Staðsetning vegar (Fjallvegir/hálsar)	

<sup>1</sup> Tilvik á Raknadalshlíð voru ekki vöktuð á tilgreindu tímabili en þar eru tilvik um ofanflóð.

Telja verður fullt tilefni til og auka verði jafnræði fyrir landsbyggðirnar að settur verði sérstakur starfshópur um málefnið líkt og brugðist var við með það ástand sem skapaðist á Reykjanesbraut í vetur. En skýrsla þess starfhóps um Reykjanesbraut er nú orðin að stefnuskjali fyrir Hvítbók samgönguáætlunar 2024-2038.

Það er gagnrýnivert að enn sé nýst við ramma vetrarþjónustu sem byggir á stefnuskjali frá 2012. Á þeim tíma voru aðhaldsaðgerðir í rekstri ríkissjóðs vegna fjármálahruns enn í fullum gangi og eins var lægð í atvinnulífi. Hér skal fullyrt að þessi atriði eru undirliggjandi við gerð þessa rammaskjals og svarar ekki aðstæðum né framþróun til dagsins í dag.

Margsinnis hefur síðan komið fram að fjármagn til vetrarþjónustu er of naumt veitt í fjárlögum hvers árs. Kemur það til viðbótar úreltum ramma vetrarþjónustu, en fjárveiting síðustu ára hefur numið um 4 ma, en þurfa að vera hátt í 5 ma bara til að ná að uppfylla þær þarfir sem settar voru 2012. Viðbúið er því að þessi fjárhæð í raun hærri en á móti má vænta aukin hagræðis samfélaga og aukin framlegð fyrirtækja, sem skilar sér að lokum í auknum skatttekjum.

Dæmi; vegna þröngs fjárhagsramma þá er aukin vetrarþjónusta á Dynjandisheiði skráð sem tilraunverkefni, en við blasir er augljós framþróun af hagnýtingu Dýrafjarðargangna og endurbætur á veginun á síðustu árum. Sömuleiðis er aukin þjónusta á vegi norður í Árneshrepp skilgreind sem tilraunaverkefni.

Fyrirkomulag fjárveitinga til vetrarþjónustu síðan meingallað en það getur ekki mætt sveiflum í veðurfari og eins eru fjárveitingar settar undir almenna hagræðingarkröfu fjárlaga hverju sinni. Fyrir vikið höktir vetrarþjónustan ef langvarandi óveðurskaflar ganga yfir, má einnig hér fullyrða að kostnaður samfélaga og atvinnulífs sé langtum meiri en áætlaður sparnaður í rekstri málaflokksins. Slíkt væri hægt að skoða nánar með vinnu sértæks starfshóps um vetrarþjónustu.

Þess er hér með óskað að fjárlaganefnd óski eftir við samgönguyfirvöld að láta taka þessa framkvæmd vetrarþjónustu til gagn Gerrar endurskoðunar og samhliða verði tekin til skoðunar núverandi framkvæmd fjárveitinga til vetrarþjónustu.

### *Orkumál*

Sérstaða orkumála á Vestfjörðum í samanburði við aðra landshluta er viðvarandi orkuskortur og takmarkanir í flutningskerfi. Orkumál landshlutans hafa verið lengi í umræðunni, en þróun síðustu ára þrýstir á að nú þrýstir á til viðbótar þarf að taka ákvarðanir um framtíð orkumála á Vestfjörðum.

Orkuframleiðsla á Vestfjörðum er innan við helmingur af eftirspurn og ef horft er til samhengis við aðra landshluta, þá eru ekki til staðar stórir virkjanakostir í vatnsafla eða jarðhita, en líklega tækifæri í nýtingu lághitavarma og í vindorku. Afhendingargeta flutningskerfis raforku er síðan takmörkuð við eina ótrygga flutningslínu við aðra hluta landsins. Í öðrum landhlutum hafa virkjanaframkvæmdir eða stóriðja leitt þróunina og samfélögin og annað atvinnulíf geta gripið ný tækifæri með mun minni takmörkunum en Vestfirðir hafa búið og búa við í dag.

Til að tryggja afhendingaröryggi fyrir það samfélag og atvinnulíf sem er til staðar í dag, þá þarf að reiða sig á varafl sem framleitt er með jarðefnaeldsneyti. Varaafl er hinsvegar takmarkað og skert aðgengi að tryggri orku hefur neikvæð áhrif á framþróun atvinnulífs og samfélaga og leitt til **lakari launaþróunar, einhæfara atvinnulífs og minni áhuga fyrir fjárfestingum**. Þessi staða er í andstöðu við markmið áætlana stjórnvalda í innviða og byggðamálum um efla samfélög og atvinnulíf um land allt. Staða í loftlagsmálum er síðan nýtt viðfangsefni og viðbrögð stjórnvalda í þeim efnum er að draga verði hratt úr notkun jarðefnaeldsneytis á næstu árum.

Starfshópur umhverfis, orku og loftlagsráðherra sem skipaður var í júní 2021, kynnti í apríl á síðasta ári, metnaðarfulla aðgerðaáætlun í tólf liðum til að mæta áskorunum í flutningsmálum, dreifikerfi og orkuframleiðslu innan Vestfjarða<sup>2</sup> Þær aðgerðir voru í sama mánuði kynntar á málþingi Fjórðungssambands Vestfirðinga á Ísafirði um orkumál á Vestfjörðum.

Á Orkuþingi Vestfjarða<sup>3</sup> sem haldið var nú í apríl á Ísafirði, var þeim aðilum sem koma að verkefnum er varða orkumál á Vestfjörðum, tækifæri að kynna stöðu sinna verkefna, upplýsa um hindranir, hvað hefur áunnist og hver eru næstu skref. Eins var tekið til umfjöllunar, framtíðarhorfur í orkumálum varðandi eftirspurn og þætti sem þurfa að vera til staðar í orkuskiptum á Vestfjörðum og líkleg áhrif á samfélag og atvinnulíf landshlutans.

Nýr starfshópur umhverfis-, orku og loftlagsráðherra frá í desember s.l. var settur á af stað til að móta nýjar tillögur í samhengi tillögur fyrri starfshóps. Vinna starfshópsins er samráði við stofnanir og haghafa, en markmiðið er að nýjar tillögur byggi fyrri tillögum en þær verði nú samþættar við verkefni varðandi jarðhitaleit, aukinnar orkuöflunar, þjóðgarð á Vestfjörðum, eflingu hringrásarhagkerfisins og grænni atvinnuuppbyggingu á Vestfjörðum.

Það er forgangsmál fyrir samfélag, atvinnulíf og áform í orkuskiptum og loftlagsmálum á Vestfjörðum, að forsendur fjármálaáætlunar um aðhald og aukna gjaldtöku, séu ekki hindrun í vegi verkefna sem þurfa að komast á laggirnar á tímabili áætlunarinnar.

### *Húsnæðismál*

Í öllum sveitarfélögum á Vestfjörðum er skortur á nýjum íbúðum frumforsenda til að mæta fjölgun íbúa samhliða eflingu atvinnulífs.

Í nýrri Grænbók um húsnæðis og mannvirkjamál (apríl 2022) eru tilgreind margþætt úrræði í húsnæðismálum. Að mati Vestfjarðastofu nýtast þau úrræði ekki fyrir eflingu húsnæðismarkaðar á Vestfjörðum en þar er meginviðfangsefnið að hleypa lífi í kaldan húsnæðismarkað.

Aðgerðir Grænbókar eru með áherslu á félagsleg úrræði og jafnrétti kynjanna og nýtast betur á svæðum þar sem markaðsverð er jafnt eða herra en byggingarkostnaður og sveitarfélög hafi fjárhagslegt svigrúm til að leggja fram mótframlög.

---

<sup>2</sup> [https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Raforkumal\\_Vestfjarda\\_skyrsla\\_2022.pdf](https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Raforkumal_Vestfjarda_skyrsla_2022.pdf)

<sup>3</sup> [Orkuþing Vestfjarða 2023 - það er ekki annaðhvort eða heldur bæði! | Vestfjarðastofa \(vestfirdir.is\)](#)

Uppbygging atvinnulífs og fjölgun íbúa síðustu ára gefa tilefni til bjartsýni um framþróun húsnæðismarkaðar á Vestfjörðum, en hefur enn ekki birst með ásættanlegum hætti að hálfu fjárfesta og bankastofnana. Dæmi hér um, að við byggingu nemendagarða er leggja stund nám hjá Háskólasetri Vestfjarða, varð að tryggja þriðjung af um 1 ma framkvæmd áður en bankastofnanir töldu sig geta veitt framkvæmdalán (lánalínu).

Hér er því hættu á stígandi í markaðsverði gerist of hægt og standi slíkt ástand lengi þá er raunveruleg hættu á bakslagi í framþróun, þar sem ekki er til staðar húsnæði fyrir nýja íbúa sem sækja í ný störf sem eru skapast.

Einföld aðgerð að hálfu stjórnvalda væri í formi hlutdeildarlána til byggingar nýrra íbúða og koma þar með í að dreifa áhættu með sveitarfélögum og íbúakaupendum. Taka mætti fyrst til skoðunar byggingu íbúða fyrir íbúa eldri en 60 til 70 ára, en þá myndi losna um sérbyli sem þessi aldurshópur sér ekki hag í dag að selja en gríðarleg þörf er í dag fyrir barnafjölskyldur.

Með slíkri innspýtingu fjármagns þá má vænta þess að markaðsverð að yfirstígi byggingarkostnað með skjótari hætti og stjórnvöld væru örugg með að hlutdeildarlán muni greiðast til baka og með ásættanlegri ávöxtun.

#### *Uppbygging Keflavíkurflugvallar og áhrif á innviði*

Ekki er í fjármálaáætlun fjallað með beinum hætti um fyrirætlanir ISAVIA um uppbyggingu á Keflavíkur á áætluntímabilinu. Farþegar eru áætlaðir 7,8 milljónir á árinu 2023 en spár ISAVIA er að þeim fjölgi í 11 milljónir með stækkun Keflavíkurflugvallar.

Augljóst að slík fjölgun eykur enn á álag á innviði alls landsins og því er rík ástæða til að fjalla um það í fjármálaáætlun, nægir þar að nefna viðhald og þjónusta við vegakerfið á landinu öllu.

#### *Störf á vegum ríkisins*

Fjallað er um á bls 258 að „stjórnvöld hafi markvisst stutt við fjölgun starfa á landsbyggðinni t.d. með samningum við undirstofnanir“. Hvað varðar Vestfirði þá er þetta því miður ekki sú staða sem hér er fullyrt, opinber störf tengd matvælarannsóknnum og eftirliti fjölgað úr þrem í fjögur frá 2017 og störfum tengd hafrannsóknnum hefur fækkað úr sjö í fimm.

#### *Náttúruvá*

Í ljósi atburða liðins vetrar er augljós sú krafa að staðið verði við þau áform að byggja varnarmannvirki á ofanflóðasvæðum í byggð og þeim lokið eigi síðar en 2030. Þessi verkefni falli því ekki undir áform stjórnvalda að draga úr framkvæmdum vegna aðstæðna í rekstri ríkissjóðs.



Að öðru leyti vísast til ályktana 67. Fjórðungspings Vestfirðinga og endurskoðuðum áherslum í Sóknaráætlun Vestfjarða.

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungsting/67thing/Haust/alyktanir-67.-fjordungstings-ad-hausti-samthykktar-1-.pdf>

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Soknaraetlun/soknaraetlun-vestfjarda-endurskodud-2023.pdf>

F.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga

Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri.